




ÁRÍÐ Í HN TSKURN 2016





Kjaramál

Þann 21. janúar 2016 undirrituðu samninganefnd ASÍ og SA kjarasamning á grunni rammisamkomulags aðila vinnu-markaðarins frá 27. október 2015 og bókunar um jöfnun lífeyrisréttinda frá árinu 2011. Samningurinn tryggir jafnræði í kjarapróun á grundvelli sameiginlegrar launastefnu og jöfnunar lífeyrisréttinda. Samningurinn tryggði umtalsverðar við-bætur við þær launahækkningar sem samið var um í samningunum 2015 og stórbætt lífeyrisréttindi launafólks á almennum vinnumarkaði.

Helstu atriði samningsins eru:

- Í stað launapróunartryggingar ársins 2016 var samið um 6,2% almenna launahækkun þann 1. janúar 2016, að lágmarki 15.000 krónur á mánaðalaun fyrir fulla dagvinnu, þ.m.t. hækkun annarra kjaratengdra liða en desember- og orlofsuppbóta.
- 4,5% almenna launahækkun þann 1. maí 2017.
- 3,0% almenna launahækkun þann 1. maí 2018.
- Hækkun á framlagi launagreiðenda í lífeyrissjóð um 3,5 prósentustig á árunum 2016-2018 sem tryggir jöfnun lífeyrisréttinda á almennum- og opinberum vinnumarkaði.

Í fyrsta sinn var kjarasamningur borinn upp til afgreiðslu í einni sameiginlegri atkvæðagreiðslu allra félagsmanna, allra aðildarfélaga innan vébanda ASÍ sem starfa samkvæmt kjarasamningum við Samtök atvinnulífsins, tæplega 76.000 manns. Samningurinn var samþykktur með yfirgnæfandi meirihluta eða ríflega 91% greiddra atkvæða.

Samningurinn tryggði umtalsverðar viðbætur við þær launahækkningar sem samið var um 2015 og stórbætt lífeyrisréttindi.

Október 2015

SGS 15 ára

Framferði Rio Tinto Alcan mótmælt

Salæk undirritað



SALEK

Markmið samkomulagsins er að tryggja varanlega aukningu kaupmáttar á Íslandi á grundvelli lágrar verðbólgu, stöðugs gengis krónunnar og lægri vaxta.

- Þrátt fyrir næstum tvöfalt meiri launahækkanir á Íslandi hefur kaupmáttur aukist helmingi minna en á hinum Norðurlöndunum á síðustu 15 árum.
- Verðbólga á Íslandi hefur verið þrefalt meiri en á hinum Norðurlöndunum síðustu 15 árin.
- Frá aldamótum hefur gengi krónunnar fallið um 50% en gengi mynta hinna Norðurlandanna haldist nánast óbreytt gagnvart evru.
- Vegna mikillar verðbólgu og efnahagslegs óstöðugleika á Íslandi hafa vextir að jafnaði verið þrefalt hærri en á hinum Norðurlöndunum.

Nýtt samningalíkan gerir ráð fyrir eftirfarandi:

- Svigrúm til launabreytinga verður skilgreint út frá samkeppnistöðu gagnvart helstu viðskiptalöndum.
- Fyrirtæki sem framleiða vöru og þjónustu til útflutnings eða í samkeppni við innflutning móta svigrúm til launabreytinga.
- Jöfnun lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði.
- Opinberum starfsmönnum verður tryggð hlutdeild í launaskriði á almennum vinnumarkaði.
- Kjarasamningar miða að því að auka kaupmátt á grundvelli stöðugs gengis.

Hópurinn fékk Steinar Holden, prófessor við Oslóarháskóla, til ráðgjafar en hann hefur stýrt vinnuhópum um mótun og endurskoðun norska samningalíkansins. Holden telur gagnlegt að taka upp nýtt samningalíkan hér á landi og byggja tillögur hans á fyrirkomulagi samningamála á norðurlöndum, einkum í Noregi. Við mótun tillagnanna voru hafðar til hliðsjónar ábendingar sem um það bil 80 manns úr baklandi salek hópsins komu á framfæri á fundi með Steinari í maí 2016.

Fyrirtæki sem framleiða vöru og þjónustu til útflutnings eða í samkeppni við innflutning móta svigrúm til launabreytinga.

Nóvember 2015

Loftslagsgangan

Ráðstefna ASÍ um jafnréttismál

Atvinnuleysi stendur í stað



ASÍ 100 ára

Tónlist hefur leikið stórt hlutverk í verkalýðshreyfingunni alla tíð og tónlist var einkennandi í afmælisfagnaði ASÍ í tilefni aldarafmælisins 12. mars 2016. Boðið var upp á tónleika á fjórum stöðum á landinu þann dag þar sem ungir og ferskir listamenn stigu á svið í bland við eldri og reyndari. Þrátt fyrir vonskuveður lét fjöldi fólks það ekki aftra sér frá því að mæta í gleðskapinn en boðið var upp á veglega tónlistarveislu í Hörpu í Reykjavík, Edinborgarhúsinu á Ísafirði, Hofi á Akureyri og Egilsbúð í Neskaupstað. Uppselt var á alla tónleikana, frábær stemning og mikil ánægja meðal gesta og þeirra listamanna sem fram komu.

Uppselt var á alla tónleikana, frábær stemning og mikil ánægja meðal gesta og þeirra listamanna sem fram komu.

Í Reykjavík var einnig dagskrá um miðjan daginn þann 12. mars í Hörpu. Þar var boðið upp á 20 metra afmælistertu auk tónleika með Páli Óskari, Úlfi Úlfi og Lúðrasveit verkalýðsins auk þess sem Hundur í óskilum bauð upp á afar vel heppnaðan verkalýðskabarett þar sem stiklað var á stóru í sögu ASÍ. Þá framkvæmdu Lúðrasveit verkalýðsins, kvennakórarnir Hrynjandi og Katla auk meðlima í Karlakór Reykjavíkur magnaðan gjörning á göngum Hörpunnar. Alls tóku 160 manns þátt en lagið sem þau fluttu var Maístjarnan eftir Jón Ásgeirsson við texta Halldórs Laxness.

Sögu Alþýðusambandsins voru gerð viðeigandi skil á ljósmyndasýningunni Vinnandi fólk í Þjóðminjasafninu sem var opnuð 5. mars og stóð til 23. maí. Á sýningunni, GERSEMAR úr safneign Listasafns ASÍ, sem var opnuð í listasafninu 5. mars voru verk eftir alla helstu meistara íslenska málverksins.

Desember 2015

ASÍ styrkir Lúðrasveit verkalýðsins

Verðbólgan 2%

Afnám sykurskatts skilar sér illa



ASÍ 100 ára

Aldarafmælis ASÍ var minnst með veglegu afmælisboði ASÍ í Árbæjarsafni 28. ágúst. Alþýðusambandið bauð frítt inn á safnið þann dag, auk þess að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá þar sem brugðið var birtu á aðstæður og aðbúnað íslensks verkafólks á síðustu öld. Boðið var upp á leiðsagnir, ratleik, þvottaburð, kassabílaakstur auk þess sem börnin fengu stutta ferð á hestbaki. Þorskur var þurrkaður á túni, Leikhópurinn Lotta bauð upp á söngvasyrpu, lummur voru bakaðar í Háabæ, prentari, skósmiður og gullsmiður tóku á móti gestum á verkstæðum sínum og Lúðrasveit verkalyðsins þrappaði um svæðið af sinni alkunnu snilld. Óhætt er að segja að almenningur hafi brugðist vel við því þrjú þúsund manns lögðu leið sína í safnið milli klukkan eitt og fjögur og naut sín í einmuna blíðu. Það er mesti fjöldi sem komið hefur í Árbæjarsafn á einum degi árið 2016.

Í tilefni af afmæli ASÍ var efnt til samkeppni meðal nemenda í 10. bekkjum grunnskóla um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Markmiðið með keppninni var að hvetja til umræðu og auka skilning ungmenna á ýmsum lykilatriðum í 100 ára sögu verkalyðshreyfingarinnar: 60 nemendur í 20 hópum tóku þátt og fóru gæði verkefnanna fram úr björtustu vonum. Eftir erfitt val dómnefndar voru veitt verðlaun fyrir þau tíu verkefni sem þóttu skara fram úr og komu þau úr þremur skólum; Vatnsendaskóla, Kelduskóla og Austurbæjarskóla. Fimm efstu verkefni voru sýnd á hátíðardagskránni í Eldborgarsal Hörpu 12. mars.

Þrjú þúsund
manns lögðu
leið sína í safnið
milli klukkan
eitt og fjögur
og naut sín
í einmuna blíðu.

Janúar 2016

Nýr kjarasamningur undirritaður

Aukinn brottflutningur þrátt fyrir góðæri

VR 125 ára



Lífeyrismál

Samningurinn tryggir mánaðalegan ævilangan ellilífeyri sem nemur 76% af meðal mánaðartekjum yfir starfsævina en hingað til hefur verið miðað við 56%.

Með kjarasamningum sem undirritaðir voru við Samtök atvinnulífsins í janúar 2016 var launafólki á almennum vinnumarkaði tryggð verulega aukin lífeyrisréttindi og áratuga löngu markmiði um jöfnun lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins náð. Samningurinn tryggir mánaðalegan ævilangan ellilífeyri sem nemur 76% af meðal mánaðartekjum yfir starfsævina en hjá almennu launafólki hefur hingað til verið miðað við 56%. Áfallatryggingar lífeyrissjóðanna – örorkubætur og barna- og fjölskyldulífeyrir hækka í sama hlutfalli.

Þessi aukna lífeyristrygging næst með hækkun á framlagi launagreiðenda í lífeyrissjóð um 3,5% fram til ársins 2018. Hækkunin kemur til framkvæmda í þremur áföngum; 0,5% stig þann 1. júlí 2016, 1,5% stig þann 1. júlí 2017 og um 1,5% stig þann 1. júlí 2018. Skylduiðgjald til lífeyrissjóðs verður þá samtals 15,5% frá 1. júlí 2018, sem skiptist í 4% iðgjald launamanns og 11,5% mótframlag atvinnurekanda.

Samkvæmt samkomulagi ASÍ og SA um framkvæmd hækkunarinnar, sem undirritað var þann 15. júní 2016, munu sjóðfélagar frá og með árinu 2017 hafa val um að ráðstafa viðbótarframlaginu að hluta eða fullu í bundinn séreignarsparnað í stað samtryggingar til að auðvelda starfslok og auka sveigjanleika.

Samkomulagið gerir ráð fyrir að atvinnurekendum verði áfram skylt að skila öllu skyldutryggingariðgjaldinu til lífeyrissjóðs viðkomandi launamanns. Sjóðfélagar munu því þegar þar að kemur snúa sér beint til síns lífeyrissjóðs ef þeir óska eftir að leggja framlag í bundna séreign en lífeyrissjóðir sem starfa á grundvelli kjarasamninga ASÍ og SA munu setja upp sérstakar deildir um þessa bundnu séreign.

Febrúar 2016

91% samþykkja nýjan kjarasamning

Klukk í loftið

Útskipun á áli stöðvuð í Straumsvík



Efnahagsmál

Hagvöxtur hefur nú verið samfelldur í fimm ár og horfur framundan eru góðar. Vöxturinn hvílir á vaxandi kaupmætti, aukinni fjárfestingu atvinnuveganna og auknum útflutningi sem hvílir á örum vexti ferðaþjónustunnar. Fjölgun ferðamanna hefur ítrekað farið fram úr björtustu væntingum og spár gera ráð fyrir áframhaldandi uppgangi. Ríkisfjármálin þurfa við núverandi aðstæður að undirbyggja bæði efnahaglegan og félagslegan stöðugleika en merki um slaka í ríkisfjármálunum ýta undir ofþenslu og óstöðugleika og kunna að vinna gegn peningamálastefnunni.

Kaupmáttur hefur aukist verulega undanfarið ár. Þar hjálpast að gott atvinnuástand, kjarasamningar og sterkari króna sem heldur aftur af verðbólgunni. Kaupmáttur er nú meira en þriðjungur meiri en þegar hann var sem lægstur eftir efnahagshrunið og ríflega 13% meiri en þegar hann var sem hæstur fyrir hrun. Áhyggjuefni er að ungt fólk og tekjulág heimili sem eru í erfiðri stöðu á húsnæðismarkaði hafa setið eftir. Þessir hópar komast ekki inn á erfiðan kaupendamarkaðinn og greiða húsaleigu sem er langt umfram ásættanlegan húsnæðiskostnað.

Vinnumarkaðurinn hefur nú náð sér að fullu eftir hrunaárin og fleiri eru nú starfandi en fyrir niðursveifluna í kjölfar hrunsins. Spenna fer vaxandi á vinnumarkaði en störfum hefur einkum fjölgað í mannaflsfrekum greinum eins og mannvirkjagerð og ferðaþjónustu en sérfræðistörfum fyrir háskólamenntaða hefur fjölgað minna.

Verðbólga hefur verið undir 2,5% verðbólguþröngun Seðlabankans í nærri þrjú ár sem er einsdæmi en það skýrist öðru fremur af styrkingu krónunnar og hagfelldri þróun hrávöruverðs. Af þeim sökum hefur Seðlabankinn verið hikandi í að lækka vexti þar sem verðbólga hefur hjaðnað á sama tíma og eftirspurn og umsvif í hagkerfinu hafa farið hratt vaxandi.

Kaupmáttur er nú ríflega 13% meiri en þegar hann var sem hæstur fyrir hrun.

Mars 2016

Afmælistónleikar víða um land

ASÍ 100 ára

Almenna íbúðafélagið stofnað



Einn réttur – ekkert svindl!

Síðustu misseri hefur umfang undirboða og annarrar brotastarfsemi á vinnumarkaði farið vaxandi, einkum í mannvirkjagerð og ferðapjónustu. Um er að ræða alvarleg kjarasamningsbrot og launaþjófnað, ólaunaða vinnu, gerviverktöku, svarta atvinnustarfsemi og jafnvel mansal. Brotin beinast einkum gegn útlendingum og ungu fólki sem er að hefja sinn starfsferil.

EINN RÉTTUR – EKKERT SVINDL! er samstarfsverkefni Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þess sem hefur að markmiði að berjast gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði og tryggja öllu launafólki þau kjör og réttindi sem því ber. Frá því verkefnið hófst í byrjun árs 2016 hefur náðst mikilvægur árangur í baráttunni. Stórir hópar launafólks hafa fengið leiðréttingu sinna kjara, réttindi þeirra tryggð og brotastarfsemi fjölmargra fyrirtækja hefur verið upprætt. Afleiðingin er einnig sú að skilningur launafólks á mikilvægi verkalýðsfélaganna og starfsemi þeirra vex og félagsmönnum fjölga. Þessum árangri má þakka:

- Skýrum skilaboðum um að undirboð og önnur brotastarfsemi á vinnumarkaði verði ekki liðin og að gegn slíku verði ráðist af fullri hörku.
- Stórefldu eftirliti úti á vinnustöðunum þar sem launafólk er upplýst um réttindi sín, starfsemin skoðuð og málum fylgt eftir af fullum þunga ef fyrirtæki eru að brjóta á sínu starfsfólki eða stunda aðra brotastarfsemi.
- Öflugum samstarfi og sameiginlegum aðgerðum verkalýðshreyfingarinnar og stjórnvaldsstofnana gegn brotastarfseminni.

Þessu starfi þarf að fylgja eftir með beittari löggjöf um vinnumarkaðinn. Uppræta verður kennitöluflakk, gera nýkar kröfur til verkkaupa og aðalverktaka með upptöku keðjuábyrgðar, auka eftirlitsheimildir stéttarféлага og stjórnvaldsstofnana og herða refsheimildir. Samstaða og samstarf skila árangri!


Frá því verkefnið hófst í byrjun árs 2016 hefur náðst mikilvægur árangur í baráttunni.

Apríl 2016

Kjarasamningur í Straumsvík

Einn réttur – ekkert svindl!

Tökum brúna – kvennaráðstefna ASÍ



Klukk

Þeir aðilar hjá ASÍ sem sinna fræðsluheimsóknum í framhaldsskólum hafa á undanförunum misserum fundið að skráning á vinnutíma er mjög oft vandamál hjá ungu fólki. Þannig eru deilur um vinnutíma meðal helstu umkvörtunarefna sem stéttarfélagin fá inn á sitt borð frá þessum hópi. ASÍ og aðildarfélagin vildu bregðast við þessu vandamáli og réðust því í hönnun á nýju hjálpartæki fyrir snjallsíma sem fékk nafnið Klukk.

Klukk er tímaskráningar-app fyrir Android/iOS sem ætlað er launafólki. Notandi skráir vinnutíma sína með Klukk og hefur þannig yfirsýn yfir unnar vinnustundir. Í Klukk er hægt að virkja staðsetningarbúnað sem minnir notandann á að klukka sig inn þegar hann mætir til vinnu og klukka sig út þegar hann yfirgefur vinnustaðinn. Einnig er hægt að senda sér tímaskráningarskýrslu úr Klukk á netfang viðkomandi. Klukk er ókeypis og hægt að nálgast það í Appstore og Playstore.

Útgangspunkturinn var frá byrjun að Klukk væri einfalt í notkun. Með því að minnka flækjustigið er líkleggra að fólk noti appið. Sú varð líka raunin því á tímabilinu febrúar til september 2016 sóttu 13 þúsund manns Klukk í símann sinn. Af þeim má búast við að 15%-20% séu virkir notendur.

Með þessari nýju leið nær verkalyðshreyfingin til fjölda ungmenna en það er einmitt sá hópur sem hreyfingin hefur átt hvað erfiðast með að snerta með áþreifanlegum hætti til þessa.


Á tímabilinu febrúar til september 2016 sóttu 13 þúsund manns Klukk í símann sinn.

Maí 2016

Afnám tolla á fatnaði skilar sér ekki

Hús Listasafns ASÍ selt

Hagspá ASÍ - kraftmikill hagvöxtur



Rafræn atkvæðagreiðsla

Þegar
aldurssamsetning
þátttakenda
var skoðuð kom
í ljós að fólk
á aldrinum
61-70 ára var
hlutfallslega
duglegast
að taka þátt.

Í janúar 2016 var undirritaður kjarasamningur milli ASÍ og SA sem hækkaði og flýtti launabreytingum auk þess að bæta lífeyrisréttindi. Ákveðið var að samningurinn yrði borinn undir félagsmenn í einni sameiginlegri rafrænni atkvæðagreiðslu. Í hönd fór einstakt og risavaxið verkefni en aldrei fyrr í sögu ASÍ hefur einn sameiginlegur kjarasamningur verið borinn undir atkvæði allra félagsmanna ASÍ í einni atkvæðagreiðslu.

Útbúinn var „atkvæðagreiðsluhappur“ á heimasíðu ASÍ sem aðildarsamtökin gátu sett upp hjá sér eða vísað á. Alls greiddu 10.653 atkvæði eða 14%. Já sögðu 91,28%, nei sögðu 7,81% en 0,91% skiluðu auðu.

Kjörstjórn lét greina þátttökuna að kosningu lokinni. Þar kom m.a. fram að þátttaka karla og kvenna var mjög svipuð. Þegar aldurssamsetning þátttakenda var skoðuð kom hins vegar í ljós að fólk á aldrinum 61-70 ára var hlutfallslega duglegast að taka þátt eða 30% á móti 6,75% hjá fólki á aldrinum 21-30 ára og 13,76% hjá 31-40 ára. Þátttaka eftir landshlutum var svipuð ef Austurland er frátalið en þar var þátttakan mest eða tæp 22%.

Fyrirfram hefði mátt ætla að þátttaka í rafrænni atkvæðagreiðslu yrði meiri hjá yngri aldurshópum en sú varð ekki raunin. Mikilvægt er að læra af þessu og haga undirbúningi þannig að betur sé höfðað til yngri félagsmanna við útsendingu kynningarefnis. Þannig þarf að taka tillit til þess að vænlegra sé að ná til yngri hópanna í gegnum samfélagsmiðla og almennar auglýsingar en með hefðbundinni útsendingu kynningarefnis í bréfaþósti eins og gert var.

Júní 2016

Minnsta atvinnuleysi í 11 ár

Sjómenn semja

ASÍ og BSRB ekki með í þjóðhagsráði



Almennu íbúðafélagið

Alþýðusamband Íslands og Reykjavíkurborg skrifuðu þann 12. mars 2016 á 100 ára afmæli Alþýðusambandsins undir viljayfirlýsingu um uppbyggingu á 1000 íbúðum á næstu fjórum árum. Hér var um að ræða nokkurs konar afmælisgjöf ASÍ til félagsmanna sinna og þjóðarinnar á aldarafmæli sambandsins. Alþýðusambandið ákvað að leggja fram stofnfé auk þess sem aðildarfélög sambandsins koma að nauðsynlegri rekstrarfjármögnun. Þá ákváðu félagar okkar í BSRB að taka þátt í stofnun þessa félags og leggja fram 20% stofnframlag til félagsins ásamt því að veita ASÍ 1 milljón kr. í afmælisgjöf í tilefni af afmælinu.

Íbúðafélagið er sjálfseignastofnun og rekið án hagnaðarmarkmiða. Félagið starfar á grundvelli nýrra laga um almennt leiguíbúðarkerfi sem aðildarsamtök ASÍ tryggðu við gerð kjarasamninga vorið 2015 og byggir á danskri fyrirmynd. Kerfið verður hagstæður og öruggur valkostur fyrir tekjulágt fólk á leigumarkaði. Ríkissjóður og sveitarfélög veita félaginu stofnframlög gegn því skilyrði að íbúðirnar verði leigðar út til fólks með lágar tekjur.

Íbúðafélagið og Hafnarfjarðabær hafa þegar skrifað undir viljayfirlýsingu um byggingu 150 íbúða í bænum, en gert er ráð fyrir að hefja undirbúning framkvæmda á 182 íbúðum í Reykjavík og Hafnarfirði á þessu ári. Um er að ræða 2-5 herbergja íbúðir og er stefnt að því að afhenda fyrstu íbúðirnar sumarið 2018. Reynt verður að stilla byggingarkostnaði í hóf með samlegðaráhrifum án þess að slaka í nokkru á í hönnun og gæðum.

Samhliða þessum fyrstu skrefum vinnur íbúðafélagið að samskonar lausnum á landsbyggðinni í samstarfi við sveitarfélögin og aðildarfélög ASÍ og BSRB.

Gert er ráð fyrir að hefja undirbúning framkvæmda á 182 íbúðum í Reykjavík og Hafnarfirði á þessu ári.

Júlí 2016

ASÍ og Hafnarfjörður í samstarf um leiguíbúðir

10/11 hækkar verð um 11% milli ára



Virk

Hlutverk VIRK er að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingaráðgjöf. Undanfarin misseri hafa verið viðburðarík í starfsemi VIRK. Mikil fagleg þróun hefur átt sér stað á mörgum sviðum auk áframhaldandi uppbyggingar á samvinnu við aðrar stofnanir velferðarkerfisins.

Í fyrsta sinn í sögu VIRK fjölga ekki nýjum einstaklingum í þjónustu samanborið við árið á undan og segja má að náðst hafi ákveðið jafnvægi í starfseminni eftir gríðarlega mikla og hraða uppbyggingu síðastliðin ár.

Alls hafa rúmlega 10.000 einstaklingar leitað til VIRK frá upphafi og að jafnaði eru um 1.900 einstaklingar í þjónustu. 70% þeirra sem útskrifast frá VIRK eru virkir á vinnumarkaði við útskrift – þ.e. eru annað hvort í launuðu starfi, atvinnuleit eða í lánshæfu námi.

Árangur og ávinningur af starfsemi VIRK - fjárhagslegur og samfélagslegur - er mjög mikill þar sem hún hefur á undanförmum árum skilað þúsundum einstaklinga á vinnumarkað.

13,8 milljarða króna ávinningur var af starfsemi VIRK árið 2015 samkvæmt útreikningum Talnakönnunar. Niðurstöður fyrri athugana Talnakönnunar sýndu að ávinningur af starfi VIRK var 11,2 milljarðar króna 2014 og 9,7 milljarðar á árinu 2013.

13,8 milljarða
króna
ávinningur var
af starfsemi
VIRK árið 2015
samkvæmt
útreikningum
Talnakönnunar.

Ágúst 2016

3000 í afmæli ASÍ í Árbæjarsafni

Verðbólgan 0,9%

Sjómenn fella samning



Listasafn ASÍ

Listasafn ASÍ hefur átt við rekstrarvanda að glíma síðustu ár. Þann vanda má m.a. rekja til minni stuðnings hins opinbera við starfsemi safnsins eftir árið 2008 og aukinna krafna um greiðslur frá safninu vegna vinnu við uppsetningu sýninga. Þá hefur kostnaður vegna viðhalds og reksturs á húsnæði listasafnsins aukist verulega.

Rekstrarstjórn listasafnsins lagði því til við miðstjórn ASÍ að sýningaraðstaða safnsins yrði seld og í stað þess að megin starfsemin fælist í rekstri á sýningaraðstöðu þá yrði unnið að annars konar nálgun varðandi safnið og þær skuldbindingar sem það hefur til að sýna verk sín. Í stað eigin sýningaraðstöðu er stefnt að því að safnið leigi aðstöðu hjá öðrum til að sýna verk sín, auk þess sem vinnustaðasýningar verða eflidar.

Að fengnu samþykki miðstjórnar ASÍ var Ásmundarsalur við Freyjugötu settur á sölu og keyptu hjónin Sigurbjörn Þorkelsson og Aðalheiður Magnúsdóttir eignina. Er ætlun nýrra eigenda að styðja jöfnum höndum við unga hönnuði auk þess að vera í nánú samstarfi við virta og þekkta listamenn.

Nýr forstöðumaður Listasafns ASÍ tekur við safninu haustið 2016. Safnaeignin er í geymslum á tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu og er gert ráð fyrir því að innan árs verði búið að ljúka stefnumótunarvinnu fyrir safnið. Að þeim tíma liðnum verði Listasafn ASÍ og safnaeignin komin í varanlegt húsnæði sem hentar fyrir þá starfsemi sem safninu verður ætlað að gegna til framtíðar.

Í stað eigin sýningaraðstöðu er stefnt að því að safnið leigi aðstöðu hjá öðrum til að sýna verk sín.

September 2016

Jafnlaunastaðall öðrum þjóðum fyrirmynd

Vörugjaldslækkanir á byggingavörum skila sér ekki

100 ára afmæli ASÍ



100 ára
1916
2016

Alþýðusamband Íslands





Alþýðusamband Íslands

Guðrúnartúni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is

Reykjavík, október 2015